



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ENDURHEIMT VOTLENDIS Í LANDI BESSASTAÐA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson, Sigrún Magnúsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra og Árni Bragason landgræðslustjóri munu á morgun, föstudaginn 15. júlí, undirrita samstarfssamning um endurheimt votlendis í landi Bessastaða. Endurheimt votlendis er hluti aðgerða í sóknaráætlun ríkisstjórnar Íslands um loftslagsmál. Verkefnið í landi Bessastaða felur jafnframt í sér hvatningu til landsmanna og byggðarlaga um að efna til sambærilegra verkefna sem víðast og styrkja þannig framlag þjóðarinnar í kjölfar samkomulagsins sem gert var á loftslagsráðstefnunni í París í fyrra.

Samningurinn verður undirritaður á völlum suður af Bessastöðum kl. 11:00. Viðstaddir undirskriftina verða fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytis, landgræðslunnar og embættis forseta auk starfsmanna frá umhverfissviði Garðabæjar.

Verkefnið felst í endurheimt votlendis á um fjögurra hektara svæði í Músavík á sunnanverðu Bessastaðanesi og um 2,5 hektara svæði í Sauðavík á norðanverðu nesinu. Rutt verður ofan í gamla framræsluskurði og hluta þeirra breytt í tjörn. Markmið verkefnisins er að endurheimta það votlendi sem áður einkenndi þetta svæði.

Embætti forseta mun annast framkvæmdina í samráði við sveitarfélagið Garðabæ en Landgræðsla ríkisins veitir ráðgjöf og metur árangur verkefnisins. Landgræðslan greiðir einnig kostnað við framkvæmdirnar sem áætlaður er ríflega ein milljón króna.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir undirskrift samningsins.

14. júlí 2016

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*